


Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Skrímslasetrinu Bíldudal



Laugardaginn 2. apríl 2011 kl. 9.00

Ferðamálasamtök Vestfjarða

Formaður félagsins, Sigurður Atlason setti fundinn og stakk upp á Guðnýju Sigurðardóttur sem fundarstjóra og Öldu Davíðsdóttur sem fundarritara. Fundurinn samþykkti það.

Guðný sté í pontu og óskaði eftir athugasemdum við boðun fundarins, sem voru engar.

Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Skýrsla formanns
2. Starf Markaðsstofu Vestfjarða
3. Ársreikningar félagsins
4. Kaup Ferðamálasamtaka Vestfjarða á ráðandi hlut í Vesturferðum
5. Kosningar
6. Önnur mál

#### 1. Skýrsla formanns:

Sigurður Atlason flutti skýrslu formanns. Sjá meðfylgjandi skjal.

Fyrirspurnir leyfðar en engar bárust, skýrsla formanns skoðast samþykkt.

#### 2. Starf Markaðsstofu Vestfjarða

Gústaf Gústafsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vestfjarða, sagði frá starfi Markaðsstofunnar á sl. ári og verkefnum þessa árs.

Hann byrjaði á því að sýna og útskýra nýja heimasíðu Markaðsstofunnar, [www.westfjords.is](http://www.westfjords.is), sem unnið hefur verið að undanfarið og var opnuð 1. apríl. Eins og er er síðan einungis á ensku en verið er að vinna að íslenskri útgáfu og seinna bætast við fleiri tungumál. Gústaf leggur áherslu á að ferðapjónustuaðilar sendi inn upplýsingar um fyrirtækin, myndir, myndbönd og tilkynningar um viðburði. Markaðsstofan er búin að koma upp myndabanka á netinu sem stendur öllu vestfirskum ferðapjónustuaðilum til boða að nota, Gústaf óskaði eftir að fleiri myndum yrði bætt við en tók jafnframt fram að myndirnar í myndabankanum verða aðgengilegar þriðja aðila.

Spurt var um orðið Westfjords sem samsett orð. Gústaf segir betra að nota það samsett í rafrænni markaðssetningu, frekar en West Fjords.

Gústaf sýndi nýja útgáfu bæklinga á ensku fyrir Vestfirði. Hann benti á að svart verður litur vestfirskrar ferðapjónustu. Bæklingurinn er nærri tilbúinn og er í yfirlestri hjá ferðapjónum, sem þurfa að yfirfara sínar upplýsingar hjá Ferðamálastofu. Þessi bæklingur verður endurútgefinn árlega. Stefnt er að því að gefa einnig út franskan og þýskan bækling en það mun ekki nást árið 2011.

Næst sagði Gústaf frá auglýsingum sem hafa verið notaðar erlendis og sýndi nokkrar.

Vestfjarðakortið er verið að endurvinna og verður prentað í meira upplagi en áður, það kláraðist fyrir mitt sumar 2010.

Markaðsstofa kom með tillögu að ímyndarherferð fyrir Vestfirði og hefur lagt þá tillögu fyrir sveitarfélögin. Þeirri herferð er ekki eingöngu beint að ferðapjónustu heldur fyrirtækjum á Vestfjörðum í heild.

Gústaf talaði um áhrif tengsla og hversu miklu máli skiptir að hafa áhrif, dæmi um það er umfjöllun Lonely Planet um Vestfirði sem hefur komið af stað umræðu um svæðið í öðrum miðlum sem fjalla um ferðamál. Óskandi er að þessi umfjöllun og önnur muni hafa áhrif á t.d. Icelandair sem hefur ekki beint mikilli athygli að Vestfjörðum hingað til.

Sigurður Atlason steig þar næst í pontu og ræddi um fjárframlag Ferðamálasamtakanna til Markaðsstofunnar, en ákvörðun um það er tekin á aðalfundi samtakanna. Sigurður lagði til að framlag til Markaðsstofu verði 1.200.000 krónur. Tillagan var samþykkt.

### 3. Ársreikningar félagsins

Næsti liður á dagskrá var lestur ársreikninga sem Sigurður Arnfjörð fór yfir. Ársreikningur er meðfylgjandi.

Mikill kostnaður fylgdi stefnumótunarvinnu samtakanna annars vegar og umhverfisþingi hins vegar.

Fyrirspurn barst vegna styrkja, en lítið var um þá vegna þess að ekkert stórt verkefni var í gangi.

Fundurinn samþykkti ársreikningana.

### 4. Kaup félagsins á ráðandi hlut í Vesturferðum

Fimmti dagskrárliður var kaup Ferðamálasamtaka Vfj á Vesturferðum, sjá meðfylgjandi skjal.

Sigurður Atlason gerir grein fyrir tilgangi á kaupum FV á Vesturferðum. Tillagan hefur fengið ítarlega kynningu innan félagsins. Sigurður spurði hvort fundargestir óskuðu frekari kynningar. Nokkrir fundarmenn voru ekki á fyrri kynningu og formaður kynnti hugmyndina aftur.

Spurt var hverjir aðrir ættu hlut. Sigurður fékk samþykki viðstaddra hluthafa til að varpa upp lista yfir hluthafa í Vesturferðum, hann útskýrði hvernig eignaraðild mun breytast við kaup samtakanna.

Spurningar:

Eru uppi áætlanir um að snúa við rekstrinum, sem sýndi tap á síðasta ári?

SA sagði frá því að V.ferðir hefðu skipt um framkvæmdastjóra og greiddi fyrri framkvæmdastjóra laun í ákveðinn tíma og borgaði því tvöföld laun um tíma. Það skýrir tapið. Nýjum framkvæmdastjóra hefur tekist að breyta sjóðstreymi þannig að tekjur eru að koma inn á tíma sem hefur vanalega ekki skilað tekjum.

Spurt var um skuldir og eignir. Skuldir er yfirdráttarheimild og eign húsgögn og reiðhjól.

Spurt var um fyrirkomulag stjórnarinnar, hvort sjö manna stjórn sé ekki of þung í vöfum og hvort sama fólk geti verið í báðum stjórnunum. SA sagðist hafa lagt áherslu á að innan stjórnar samtakanna

sé fólk sem er búíð að vinna að verkefninu og veit mest um málið. Sökum þess hve málið er viðkvæmt vill hann halda þeirri þekkingu og hugsun og tryggja að það skili sér inn í Vesturferðir. Eftir það þurfa samtökin ekki að vera inni í öllu hjá Vesturferðum. Samtökin eru grasrótarsamtök sem eiga að vinna að málefnum ferðabjónustunnar og ekki vera í fyrirtækisrekstri. Formaðurinn á ekki að vera í stjórn V.ferða. heldur sjá um að samvinna sé milli aðila og vera virkur í grasrótinni.

Spurt var hvort ekki væri skynsamlegt að hafa fagmann, t.d. á lagasviði eða rekstrarsviði, með í vinnunni til að byrja með. Formaður taldi það góða hugmynd og sagði mikið af góðu fagfólki á V.fj sem hægt er að leita til.

Er ekki hætt á árekstrum í framtíðinni? Fá aðilar sömu þjónustu, burtséð frá því hversu mikið þeir leggja til fyrirtækisins? Á að breyta rekstrinum í framtíðinni?

SA segir bókunarþjónustu vera viðbót við starfsemi V.ferða en hún á að starfa áfram sem ferðaskrifstofa. Þeir sem hafa meiri rekstrarumsvif mun án vafa fá meiri þjónustu frá V.ferðum.

Spurning: Hefur ekki verið fundað með þeim sem eiga hlut fyrir? Einn hluthafi á fundinum sagði vinnubrögðin hafa verið til skammar. Ferðamálasamtökin eru kaupendur en það er á ábyrgð seljenda að tala við aðra hluthafa. Stjórnin telur það ekki nógu gott að mál hafi þróast á þennan hátt.

Stjórn óskar eftir stuðningi félagsmanna við kaup FMSV á ráðandi hlut í Vesturferðum og umboð til að ganga frá kaupunum. Fundarstjóri kallar til atkvæðagreiðslu fundarmanna og útskýrir að hver félagseining fari með eitt atkvæði og að eingöngu þeir sem hafa greitt félagsgjald séu atkvæðisbærir á fundinum. Sjö aðilar á fundinum hafa ekki atkvæðisrétt. Atkvæði voru greidd með handauppréttingu. 18 samþykktu kaup FMSV í Vesturferðum, ekkert atkvæði var greitt á móti og hefur því stjórn FMSV óskoraðan stuðning félagsmanna við þessum kaupum.

Til þessa hafa Ferðamálasamtökin ekki átt neinar eignir af þessu tagi og nauðsynlegt að setja ákvæði í lög félagsins þess efnis að enginn félagi geti gert kröfu á hlutafé eða aðrar eignir félagsins. Haft hefur verið samband við lögfræðing sem þekkir til málanna og mun hann vinna að lagabreytingartillögu sem tryggir hagsmuni félagsins hvað þetta varðar. Lögum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf tillaga að lagabreytingu að fylgja með fundarboði svo ekki er hægt að breyta þeim hér á þessum aðalfundi. Því verður þessum aðalfundi frestað og verður boðað til löglegs framhaldsaðalfundar um leið og lagabreytingartillagan er tilbúin.

## 6. Stjórnarkosningar

Sjötti liður er kosning stjórnar. Formaður er kosinn til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára þannig að helmingur stjórnar er kosinn annað hvert ár. Formaður gefur kost á sér áfram og er endurkjörinn einróma. Þeir stjórnarmenn sem eiga að ganga úr stjórn eru: Ester Rut Unnsteinsdóttir, Keran Stueland og Sigurður Arnfjörð. Öll gefa þau kost á sér aftur. Fundarstjóri kallaði eftir fleiri tillögum að framboðum en engar bárust. Viðkomandi stjórnarmenn voru því endurkjörnir til tveggja ára.

Lagt var til að sitjandi skoðunarmenn, Arndís Hjartardóttir og Ingibjörg Svavarsdóttir, yrðu endurkjörnir og var það samþykkt.

## 7. Önnur mál

Síðasti liður var önnur mál.

Stjórnin leggur ekki fram önnur mál.

Spurt er um haustfagnað samtakanna og tíma fyrir framhaldsaðalfund. Lagt er til að stjórn taki að sér skipulag framhaldsaðalfundar og undirbúning á kaupum samtakanna í Vesturferðum. Stefnt er að því að framhaldsaðalfundurinn verði haldinn í Súðavík.

Formaður segir stefnt að því að uppskeruhátíð verði haldin í haust og óskaði eftir tillögum að stað.

Fundarstjóri leggur til að fundi sé frestað og framhaldsaðalfundur verður boðaður innan skamms, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Fundi frestað klukkan 11:13.